



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Matvælaráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 20. október 2023

2310030SA FHS
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim

I. Inngangur

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda dags. 11. október 2023 þar sem lögð eru fram til samráðs drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 22/1994 og lögum nr. 66/1998. Samkvæmt umfjöllun í samráðsgátt er markmið frumvarpsins þrjúþætt, í fyrsta lagi að tryggja Matvælastofnun nauðsynlegar valdheimildir vegna opinbers eftirlits með aukaafurðum dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis á grundvelli þeirra, í öðru lagi að breyta lagastoð fyrir innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um lyfjablandað fóður og í þriðja lagi að setja inn gjaldtökuheimild í lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr svo stofnunin geti innheimt gjald vegna vinnu við veitingu starfsleyfa á sviði dýralækninga og heilbrigðisþjónustu við dýr.

II. Umsögn

Samband íslenskra sveitarfélaga telur það frumvarp sem um ræðir mikilvægt og þarft að stærstu leyti. Engar athugasemdir eru gerðar við II. og III. kafla frumvarpsins sem varðar breytingar á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994 og breytingu á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Veruleg umræða hefur átt sér stað um söfnun, flutning og ráðstöfun dýraleifa á Íslandi á undanförunum mánuðum. Fyrir liggur að kveðinn hefur verið upp úrskurður af hálfu EFTA-dómstólsins gagnvart Íslandi um að stjórnvöld hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar gagnvart EES samningnum sem tengist innleiðingu regluverks er tengist aukaafurðum dýra. Brot stjórnvalda felast í því að dýrahæ, aukaafurðir dýra í áhættuflokki, séu urðuð á urðunarstöðum með starfsleyfi án fyrri meðhöndlunar og auk þess séu þessar afurðir urðaðar utan urðunarstaða með starfsleyfi, eins og heima á bæjum án þess að skilyrði séu til þess.

Af því tilefni var tekið saman minnisblað af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem lýsti því ítarlega hvaða skyldur væru til staðar af hálfu sveitarfélaga til þess að safna, flytja og bjóða upp á heimila ráðstöfunarleið fyrir dýrahæ. Niðurstaða minnisblaðsins felst í því að engin skylda hvíli á sveitarfélögum að safna eða flytja umræddan úrgang. Þá kemur jafnframt fram í niðurstöðu minnisblaðsins að aukaafurðir dýra, þ.m.t. dýrahæ falli ekki undir skilgreiningu 3. mgr. 2. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélögum beri því ekki að hafa tiltækar ráðstöfunarleiðir fyrir dýrahæ, bæði þegar litið er til orðalags 2. gr. laga um

meðhöndlun úrgangs sem og þegar litið er til þeirra tilskipana og reglugerða sem ákvæði íslenskra laga byggja á, niðurstöðu EFTA dómstólsins um sammingsbrot íslenska ríkisins og leiðbeiningarriti um túlkun úrgangstilskipunarinnar. Umrætt minnisblað hefur verið sent Matvælaráðuneytinu til kynningar og óskað eftir afstöðu til þeirra ályktana sem dregnar eru í minnisblaðinu, en ekki hafa borist viðbrögð við því enn sem komið er.

Það kemur því sambandinu verulega á óvart að sjá drög að frumvarpi til breytinga á lögum þar sem fjallað er um aukaafurðir dýra sem úrgang og vísað til þess í texta laganna að einhver hluti aukaafurða dýra geti talist til úrgangs. Hvergi kemur fram í lögum skilgreining á því hvaða aukaafurðir dýra eigi að teljast til úrgangs. Telur sambandið umrædda tilvísun því óparfa og hvorki í samræmi við íslenskt lagaumhverfi eins og það er í dag, né regluverk ESB á þessu sviði. Leggur sambandið til að orðalagið verði eftirfarandi:

„15. gr. a

Aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skal meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Þeir sem meðhöndla, geyma, flytja eða vinna aukaafurðir dýra ~~sem ekki teljast til úrgangs~~ skulu sækja um leyfi Matvælastofnunar áður en starfsemin hefst. ~~Ef aukaafurðir dýra teljast til úrgangs gilda um starfsemina ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.~~ Þeir sem veita starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ~~og nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs,~~ skulu tilkynna til Matvælastofnunar ef fyrirtæki eða stöð sinnir starfsemi sem fellur undir ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

Vinnslu-, geymslu-, lífgas- og myltingarstöðvar, svo og stöðvar fyrir milliefni og líffituefni, sem ætlað er að vinna aukaafurðir úr dýrum ~~sem ekki teljast til úrgangs~~, þ.m.t. stöðvar sem annast vinnslu úr sjávar- og eldisafurðum, skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun áður en rekstur hefst.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis, svo sem meðferð slíkra aukaafurða, flokkun og starfsleyfi þeirra, sbr. 29. gr. a.“

Rétt er að benda á að í þeim löndum sem Ísland ber sig saman við s.s. á hinum norðurlöndunum er söfnun, flutningur, meðhöndlun og ráðstöfun þessa flokks ekki á höndum sveitarfélaganna heldur hjá sláturleyfishöfum sem bera þá skyldu og ábyrgð á að ráðstafa þessum afurðum með heimilum hætti lögum samkvæmt. Meðan ekki liggja fyrir skýr ákvæði í löggjöf um hvaða aukaafurðir dýra skuli meðhöndla sem úrgang er það frumvarp sem fyrir liggur eingöngu til þess fallið að valda misskilningi og óvissu um raunverulegar skyldur stjórnvalda í þessum málaflokki.

Sambandið hefur jafnframt verulegar áhyggjur af því regluverki sem finna má í 15. gr. b – h, sem felst í heimildum til ýmis konar þvingunarúrræða af hálfu Matvælastofnunar gagnvart þeim sem meðhöndla aukaafurðir dýra. Fyrir liggur að urðunarstaðir á vegum sveitarfélaga hafa tekið við aukaafurðum dýra og urðað, enda skortir nauðsynlega innviði á Íslandi til þess að taka við þessum flokki afurða

eins og staðan er í dag. Auk þess hafa einstök sveitarfélög séð um söfnun og flutning þessara afurða. Fyrir liggur að Matvælastofnun hefur, ef frumvarpið verður að lögum, mun víðtækari heimildir hvað þvingunarúrræði varðar, þ.m.t. með urðunarstöðum á vegum sveitarfélaga, enda kemur fram í 1. mgr. 15. gr. a frumvarpsins að tilkynna beri ef urðunarstaðir séu að meðhöndla aukaafurðir dýra. Sambandið telur að skilgreina þurfi mun betur en gert er með þessu frumvarpi, gagnvart hvaða starfsemi umræddar eftirlits- og þvingunarheimildir eiga að gilda. Um þetta er að takmörkuðu leyti fjallað í athugasemdum við frumvarpið og þarfnast mun ítarlegri skoðunar og rýni til þess að hægt sé að gera skýra grein fyrir heildarsamhengi þessara lagabreytinga við aðra löggjöf.

III. Niðurlag

Verði ákvæði frumvarpsins að lögum eru allar líkur á því að sveitarfélög þurfi að hafna allri aðkomu að þessum málaflokki, með því að hætta að taka við þessum flokki afurða á urðunarstaði sem og að hætta söfnun og flutningi þessara afurða. Ljóst er að slíkt gæti orðið afar þungbært fyrir matvælaframleiðendur, fái þeir ekki tíma til þess að aðlaga sig að breyttu umhverfi. Nauðsynlegt er að samráð um næstu skref í þessum málaflokki verði með aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lýsir sambandið sig reiðubúið til þess að koma til fundar með matvælaráðuneyti af þessu tilefni. Leggur sambandið til að fulltrúar umhverfisráðuneytis verði jafnframt boðaðir á umræddan fund, enda fellur löggjöf um meðhöndlun úrgangs undir það ráðuneyti.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Fylgiskjal:

1. Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 20. júní 2023.